

Sigurbjörn Hjaltason, bóndi á Kiðafelli í Kjós, ritaði nýverið greinina „Fjögurra hrafna bær“, sem birt var á heimasíðu Kjósarhrepps en í greininni er fjallað um mikinn kostnað Kjósarhrepps við hreinlætismál en undir þann lið heyrir söfnun og eyðing úrgangs auk hreinsunar rotþróa. Í bréfinu deilir Sigurbjörn áhyggjum stjórnenda Kjósarhrepps af síauknum kostnaði við þennan málaflokk. Í fréttabréfi hreppsnefndar Kjósarhrepps sem sent var út nýlega segir: „Sorp málin er sá málaflokkur sem vert er að hafa áhyggjur af í rekstri sveitarfélagsins en kostnaður við sorphirðu er mikill og fer sívaxandi“.

Ástæða fyrir miklum sorphirðukostnaði er meðal annars neikvæð flokkun sorphirðuaðila á sorpi úr gámum sem staðsettir eru við frístundahúsahverfin. Í þessa gáma á aðeins að fara heimilissorp en einhverra hluta vegna freistast menn til að setja í gámana sorp (grófan úrgang, sem dæmi grill, vaska og steypuklumpa) sem þar á ekki heima. Við þetta breytist flokkun sorphirðuaðilans í flokkinn "grófur úrgangur", sem er hæsti gjaldflokkur í urðun. Einnig hefur magn úr gámnum með „grófan úrgang“ á endurvinnsluplaninu þrefaldast frá árinu 2016. Með samstilltu átaki eigenda fasteigna, íbúa og gesta í sveitarfélaginu, í því að standa betur að flokkun sorpsins, má lækka kostnaðinn við sorphirðuna og þar með lækka álögð sorphirðugjöld.

Þegar borinn er saman kostnaður sveitarfélaga af sorphirðu verður við samanburðinn að líta til margra þátta. Í litlu sveitarfélagi með dreifða byggð er kostnaður meiri en í stærri sveitarfélögum þar sem þéttari er byggð. Fjarlægð frá urðunarstöðum skiptir hér einnig máli. Það er ekki óeðlilegt að lítil sveitarfélög standi illa í samanburði við stærri sveitarfélög að því er varðar kostnað við þennan málaflokk. Við samanburð árána 2010 og 2016 verður að líta til verðlagshækkana. Svo dæmi sé tekið þá hækkaði launavísitala frá ársbyrjun 2010 til ársloka 2016 um rúm 60%. Sorpúrgangur hefur aukist mjög á undanförunum árum með fjölgun fasteignaeigenda og ferðamanna. Mikil fjölgun hefur orðið á fólki sem hefur fasta búsetu í frístundahúsum og útleiga á frístundahúsum til ferðamanna hefur farið stigvaxandi.

Eins og fram kemur í bréfi Sigurbjörns eru efasemdir og gagnrýni almennt af hinu góða. Réttlætanagerð getur orðið til þess að skynsöm efnisleg umræða eigi sér stað þar sem leggjast má á eitt við að ná fram betri rekstri og hagkvæmni. Við réttmætan samanburð og kostnaðaragreiðingu ásamt samstilltu átaki fasteignaeigenda í sveitarfélaginu við rétta flokkun sorps er hægt að ná fram lægri kostnaði.

Að mati stjórnenda Kjósarhrepps er framsetning Sigurbjörns Hjaltasonar á talnaefni vegna sorphirðukostnaðar ekki fyllilega réttar. Innheimt hreinlætisgjöld á árinu 2010 voru kr. 32.900,- en ekki kr. 36.000,- og er þá miðað við sorptunnu 360l, sorpgjaldi vegna rekstrar á bújörðum og rotþróargjald. Á árinu 2016 voru gjöldin kr. 50.500,- en ekki kr. 67.500,-. Ef um stakt íbúðarhús er að ræða var gjaldið árið 2010 kr. 15.700,- en árið 2016 kr. 26.000,- eða 66% hækkun.

Hækkun sorphirðugjalda

Hér í töflunni fyrir neðan má skoða álögð gjöld árána 2010 og 2016 og prósentuhækkun tímabilsins. Sorpgjaldið hefur hækkað meira í prósentum talið hjá frístundahúsaegendum en hjá íbúðarhúsaegendum. Við samanburðinn verður að taka mið af því að á árinu 2010 voru rangar kostnaðarforsendur lagðar til grundvallar álagningu á frístundahús. Álögð gjöld voru leiðrétt síðar með hliðsjón af raunverulegum kostnaði.

Í neðri töflunni er fjallað sérstaklega um rotþrær. Mikill munur getur verið milli ára á kostnaði við hreinsun rotþróa. Þrær eru hreinsaðar þriðja hvert ár og er mismunandi eftir ári hversu margar eru teknar en kostnaður jafnast síðan út tímabilið við álögð rotþróargjöld þess tímabils. Flestar tæmingar hafa verið árin 2010, 2013, 2016 en þá var farið um stór sumarhúsahverfi.

Neðstu raðir sýna síðan gjöldin umræddu, samanlögð.

Sorphirðugjöld, tek dæmi algengustu tunnuna 360l	Árið 2010	Árið 2016	Hækkun í % yfir 6 ár
A2 360l tunna	15.700	26.000	66%
B sumarhús	4.150	9.000	117%
C v. rekstrar á jörðum	12.200	15.000	23%
Samtals til innheimtu - bújörð A2+C	27.900	41.000	47%
Samtals til innheimtu - íbúðarhús A2	15.700	26.000	66%
Heildarálagning sorphirðugjalda voru þá	3.987.871	8.283.001	108%
Heildarkostnaður vegna sorphirðu, förgunar og leigu íláta	4.958.049	12.499.051	152%
Rotþrær			
Rotþróargjaldið á fasteign-íbúðar-eða frístundahús	5.000	9.500	90%
Heildarálagning rotþróargjalda	3.047.553	6.013.504	97%
Heildarkostnaður vegna tæmingar og förgunar var þá	10.264.416	10.744.717	5%
Heildar álögð sorp- og rotþróargjöld árána - bújörð	32.900	50.500	53%
Heildar álögð sorp- og rotþróargjöld árána - íbúðarhús	20.700	35.500	71%

Sigurbjörn Hjaltason segir í grein sinni að kostnaður sveitarfélagsins vegna „**söfnunar og eyðingu úrgangs auk verkunar rotþróa**“ hafi hækkað um 96% pr. íbúa ef litið er til ársins 2017 í samanburði við árið 2010 og að heildarkostnaður á árinu 2017 hafi numið 28,8 milljónum.

Sú fjárhæð sem Kjósarhreppur greiddi verktaka á árinu 2017 var kr. 17.052.122 vegna hirðingu og förgunar sorps og kr. 7.437.139 vegna tæmingu rotþróa eða samtals kr. 24.489.261. Verður að geta þess að það kom endurgreiðsla vegna hirðingar og förguna sorps upp á kr. 1.289.941.- vegna ákveðins verkefnis og lækkar þá talan í kr 15.762.281.- Ef rétt er til haga haldið þá er hækkunin 52% en ekki 96%.

	Árið 2010	Árið 2017	
Heildarkostnaðurinn við hreinsun rotþróa+sorphirðu og förgun	15.222.465	23.199.420	52%

Kostnaður vegna sorphirðu og förgunar 2010-2017.

Í töflunni hér að neðan er gerð grein fyrir þróun kostnaðar frá árinu 2010 til árs 2017 vegna hirðingar og förgunar sorps og hvernig hann skiptist á flokka og staði. Í tölum er ekki innfalinn kostnaður við gámaplanið, launakostnaður og annað. Af töflunni má ráða að almennt er ekki um óeðlilegar hækkunarir að ræða nema á árinu 2017 en þá aukast eyðingargjöld sorps frá gámaplani um nær 50%. Skýring fyrir þessari hækkun er mikil aukning á förgun úr dýrasta gjaldflokki úrgangs, „grófa úrganginum“. Þessi breyting hefur leitt af sér fjölgun ferða vegna eyðingar úrgangs en einnig koma til verðlagsbreytingar t. d. hækkun eldsneytisverðs og launa. En eins og áður kom fram kom endurgreiðsla árið 2017 kr. 1.289.841 og dregst frá kr. 17.052.122.

Raunkostnaður því: kr. 15.762.281.-

Tegund	Flokkur	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fl gámar	Eyðingargjöld	1.065.975	1.127.300	1.169.605	1.234.806	1.211.433	1.719.820	1.819.368	2.117.569
	Leiga íláta	634.456	719.764	710.400	735.446	790.916	847.089	962.346	948.569
	Þjónusta	767.050	791.942	674.053	747.361	826.140	945.603	1.029.002	1.036.016
Fl gámar heildar		2.467.480	2.639.006	2.554.058	2.717.613	2.828.488	3.512.513	3.810.716	4.102.155
Gámaplanið heildar	Eyðingargjöld	1.243.420	1.552.132	1.718.085	1.523.831	1.623.106	2.467.437	2.379.178	4.751.453
	Leiga íláta	390.784	433.349	477.123	457.891	486.890	605.804	550.276	808.445
	Þjónusta	675.528	1.004.918	1.349.999	1.185.885	1.471.141	1.989.105	2.090.606	3.588.305
Gámaplanið heildar		2.309.732	2.990.399	3.545.207	3.167.607	3.581.137	5.062.346	5.020.060	9.148.203
Landbúnaðarplast	Eyðingargjöld	-219.024	-235.982	-268.470	-232.286	-191.406	560.009		92.543
	Leiga íláta	0	0	44.892					
	Þjónusta	399.861	398.723	354.495	463.053	294.643	107.373		24.665
Landbúnaðarplast heildar		180.837	162.742	130.918	230.767	103.237	667.382		117.208
Sorphirða-tunnur	Eyðingargjöld					544.490	778.440	789.513	757.837
	Þjónusta								0
	Sorphirða	0	0	4.558.133	2.647.345	2.725.167	2.725.167	2.878.762	2.926.720
Sorphirða heildar		0	0	4.558.133	2.647.345	3.269.657	3.503.606	3.668.275	3.684.557
Heildarkostnaður		4.958.049	5.792.147	10.788.317	8.763.331	9.782.519	12.745.847	12.499.051	17.052.122

Magn sorps.

Eins og eftirfarandi tafla sýnir hefur orðið „sprengja“ að því er varðar flokkun sorps í „grófan úrgang“ á gámaplaninu. Magnið fer úr rúmum 37 tonnum í rúm 100 tonn. Einnig hefur orðið talsverð aukning í blandaða timbrinu. Borið hefur á því að verkfræmvaemdur við endurbætur fasteigna o.fl. hafa aukist mjög á undanförunum misserum. Niðurrifi, gömlum búslóðum o.fl. er ráðstafað í rusl fyrir endurbætur og nýtt. Skráðir íbúar í sveitarfélaginu eru um 220 en íbúafjöldinn er mun meiri þegar tekið er tillit til þeirra aðila er halda heimili í frístundabyggðum og eru þá ótaldir gestir og gangandi.

Losun sorps og grófs úrgangs á gámaplaninu er ekki einungis á ábyrgð þeirra aðila sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu heldur einnig þeirra sem eru skráðir búsettir í öðrum sveitarfélögum og nýta gámaplanið við losun úrgangs og sorps frá fasteignum í frístundabyggðum.

Tegund	Flokkur	Vöruheiti	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fl gámar		BLANDAÐ SORP 101	87.700	89.330	82.890	74.660	78.210	82.526	95.800	106.310
Gámar við sumarhúsasvæði		GRÓFT SORP 250	1.450	190	1.080	5.610		11.310	550	870
		HJÓLBARÐAR 860							530	
			89.150	89.520	83.970	80.270	78.210	93.836	96.880	107.180
Heildarmagn sorps			89.150	89.520	83.970	80.270	78.210	93.836	96.880	107.180
Gámaplanið		BLANDAÐ SORP 101	39.320	40.390	38.950	46.880	10.400	4.130	27.600	26.000
		BLANDAÐ UMBÚÐAPLAST		500	180	200	140			1.090
		Blandaður pappír og pappi	2.440	4.480	3.240	9.180	2.835	1.360	2.140	1.980
		BROTAJÁRN Í KG				10.120				
		Bylgjupappi	2.680	3.240	3.040	2.820	2.580	2.000	2.910	8.170
		GRÓFT SORP 250	38.940	49.120	49.220	22.770	50.760	74.810	37.120	100.490
		HJÓLBARÐAR 860							2.080	2.630
		JARÐVEGUR/MÚRBROT	3.000							
		MÁLMAR 304	37.490	38.270	56.820	23.360	42.570	63.020	60.040	62.330
		PLAST SEM FER EKKI TIL ENDURVI						240	330	
		TIMBUR 302	25.040	11.600	21.950	4.400	12.150	26.990	8.840	16.420
		TIMBUR BLANDAÐ 301	14.730	27.740	34.080	45.380	34.680	36.070	57.730	89.940
			163.640	175.340	207.480	165.110	156.115	208.620	198.790	309.050
Gámaplanið heildarmagn			163.640	175.340	207.480	165.110	156.115	208.620	198.790	309.050
Landbúnaðarplast		BLANDAÐ SORP 101		300				10.140		
		LANDBÚNAÐARPLAST 807	43.200	45.940	47.100	48.860	33.580			
		Öhreint landbúnaðarplast						22.230		4.700
			43.200	46.240	47.100	53.220	33.580	32.370		4.700
Landbúnaðarplast Total			43.200	46.240	47.100	53.220	33.580	32.370		4.700
Sorphirða tunnur		BLANDAÐ SORP 101					34.530	44.130	41.380	36.670
		Blandaður pappír og pappi					5.720	5.780	5.980	5.440
							40.250	49.910	47.360	42.110
Sorphirða heildarmagn							40.250	49.910	47.360	42.110
Heildarmagn sorps			295.990	311.100	338.550	298.600	308.155	384.736	343.030	463.040

Þróun einkaneyslu

Á tímabilinu 2010 til 2016 varð 62% aukning á skatttekjum Kjósarhrepps en aukning um 76% ef litið er til heildartekna sveitarfélagsins. Launavísitalan hefur skriðið fram um 60% eins og áður sagði.

Aukið magn af sorpi fer jafnan saman með aukinni velmegun og neyslu. Það er hins vegar knýjandi að stjórnendur Kjósarhrepps og allir íbúar og fasteignaeigendur í sveitarfélaginu haldi stöðugt vöku sinni í þessu efni og stuðli að sem hagkvæmstu leiðum í sorphirðu og förgun við rétta flokkun sorpsins.

GGÍ